



Borgarráð

***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina um fundarstjórn í borgarráði.***

Á fundi borgarráðs 13. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina gera alvarlega athugasemd við fundarstjórn formanns borgarráðs og þá framkomu sem hann hefur ítrekað sýnt fulltrúum minnihlutans á fundum ráðsins. Óviðunandi er að formaðurinn misnoti fundarstjórnunarhlutverk sitt í því skyni að hrakyrða fulltrúa minnihlutans og gera lítið úr málflutningi þeirra á milli þess sem hann lætur orðið ganga á milli fundarmanna. Vilji hann láta slík ummæli falla er eðlilegt að hann setji sjálfan sig á mælendaskrána og fylgi þannig þeim reglum sem hann ætlast til að aðrir fundarmenn fari eftir. Óskað er eftir afstöðu formanns ráðsins til þess hvort slík framkoma samræmist fundarsköpum þess.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 kemur m.a. fram í 41. gr. að borgarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í borgarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í borgarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Formaður borgarráðs undirbýr borgarráðsfundi í samráði við borgarstjóra. Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðs sbr. 44. gr. samþykktarinnar.

Formaður borgarráðs sem er kjörinn til setu í ráðinu á sama hátt og aðrir fulltrúar, hefur sama málfrelsi og tillögurétt og aðrir kjörnir fulltrúar ráðsins. Hann er jafnframt fundarstjóri ráðsins og heldur um mælendaskrá og sér um að fundir borgarráðs fari löglega og skipulega fram. Bent skal á að ekki hefur reynt á að formaður borgarráðs hafi þurft að úrskurða sérstaklega í

neinum ágreiningsmálum varðandi fundarsköp eins og gert er ráð fyrir í samþykktum né að slíkum úrskurði hafi þá verið vísað til úrlausnar borgarráðs. Fundum ráðsins er markaður ákveðin tími og æskilegt að dagskrá fundarins dragist ekki langt umfram áætlaðan fundartíma. Því verður formaður að sjá til þess að tími gefist til umræðu, sjá til þess að sem bestar upplýsingar liggi fyrir fundinum, bæta við upplýsingum ef þurfa þykir og eins sjá til þess að umræðan sé markviss, en þó að tjáning ráðsmanna sé ekki utan þess sem geta talist eðlileg mörk. Mikilvægt að formaður sé vakandi fyrir því að bókanir séu í einhverjum tengslum við það efni sem til umfjöllunar er og samræmist samþykktum borgarstjórnar og viðteknum venjum. Þá er æskilegt að formaður sé meðvitaður um hlutverk ráðsins og bendi ráðsmönnum á ef þörf þykir á. Eins er æskilegt að formaður leiðbeini ráðsmönnum með framsetningu fyrirspurna og tillagna svo öruggt sé að þær séu skýrar og öðrum ráðsmönnum sé fullljóst til hvers er verið að biðja þá að taka afstöðu til. Alla ofantalda þætti hefur núverandi formaður tamið sér og leitast við að sinna af kostgæfni. Verður því ekki séð að fundarstjórn formanns borgarráðs hafi á nokkurn hátt verið í ósamræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þrátt fyrir þær fullyrðingar sem fram koma í fyrirspurn.

S. Björn Blöndal.  
formaður borgarráðs